

UNIVERSITY COLLEGE LONDON

University of London

EXAMINATION FOR INTERNAL STUDENTS

For the following qualifications :-

B.A.

Scand. Studs. SC5571: Modern Icelandic Literature: Special Topics

COURSE CODE : **SCAN5571**

UNIT VALUE : **0.50**

DATE : **10-MAY-02**

TIME : **14.30**

TIME ALLOWED : **3 hours**

02-C1191-3-30

© 2002 *University of London*

TURN OVER

Answer BOTH questions.

Candidates must avoid any duplication of material within this paper, and must not cover the same ground as in an assessed or extended essay.

I. (50%) Read the following passage carefully and answer ONE of the questions below:

Mikill bóklestur í einveru heima vakti hjá mér laungun til þess að búa til bækur sjálfur, og sem fyr sagði mun ég hafa verið sjö vetra þegar ég fór að „skrifa sögur uppúr sjálfum mér”. Ósjálfráðri einbeitni barns átti ég að þakka að ég gat í fyrstu óglapinn skáldað á blað þó ég væri innanum talandi eða starfandi fólk. En þegar frá leið fór ég að leita mér að skoti í þeim herbergjum hússins sem ekki voru tept, eða fór úti smíðakofa; þar var hefilbekkur sem ég gat haft fyrir skrifborð. Þarna gat ég setið obbann úr deginum og skrifað. Mér eru minnisstæð hin laungu björtu vor bernskuáranna, og vorverkum lokið heima fyrir, og nú er beðið eftir því einu að grasið vaxi. Faðir minn og vinnumenn hans eru komnir í vegavinnu uppá heiðar, vetrarstúlkurnar farnar og kaupakonurnar ókomnar og eftir í hæstalagi hún Halldóra gamla Álfsdóttir og tökutelpan Óla sem var bæði eldri en ég, margfalt digrari og næstum helmíngi stærri; þá sat ég annaðhvort við glugga í stofunni eða í opnum smíðakofanum þar sem fuglar flugu fyrir dyrnar, og samdi bækur utan enda.

Opinber starfi minn átti að heita sá að gæta túnsins fyrir garðárum, fé og hrossum, á nótt sem degi; lambfé í túninu var reiknað mér til skammar og sneypu; hross í túni voru hýðingarsök (þó ekki framfylgt). Mestallan daginn var ágangspenningur fjarri af sjálfsdáðum, en vissi að með nóttu mundi mannskepnan fara að kúra. Stundum þyrptist sauðfénaður í Túngutúnið þegar leið nær miðnætti á bjartri vortíðinni. Ég var þá rifinn uppúr svefni að sinna þessum skyldum mínum, en þurfti sjaldan leingra en útá hlað, og sigi þaðan hundinum á óvininn sem því miður mátti ekki nefna annað en blessaðar skepnurnar. En að morni laungu fyrir fótaferð höfðu garðárar aftur gleymt okkur Snata og annaðhvort skopað skeið yfir gaddavírin eða lagt sig í hættu að smeygja sér milli vírstreingjanna. Fyrir kom að þessi blessuð guðslömb flæktu sig í vírdræsum sem voru settar undir neðsta vír þar sem hústi undir í lautum; þá fór maður að gráta og vorkenna og lá við að biðjast fyrir. Það getur tekið óratíma að klippa fé laust úr

gaddavírsdræsum. Svona hernað stundaði ég fyrir miðja morgunsól; eftir það mátti vænta að garðárar væru mátulega hvektir til að reyna ekki aftur fyren undir kvöld. Vornætur með heiðum himni, döggi á grasi, sól bak Esjutindum og styrjöld við lambfé – var þetta ekki himnaríki? Jú, en einkum í endurminningunni. Ég get að minstakosti sagt að ég hafi verið þar.

Um hvað samdi ég sögur? Ég hef sagt að inntakið úr minni fyrstu, þeirri sem ég samdi á dýrmætan skjalapappír in folio sem ég hafði haft útúr föður mínum: fólkið fór til kirkju fyrsta september og varð veðurtept þáangað til á jólum; kom til baka, að minstakosti þeir sem ekki dóu í túrnum; þeir sem mistu konuna komu með nýja konu sem þeir höfðu feingið á bænum þar sem þeir voru veðurteptir.

Pappírsleysi háði mér framanaf. Ég reyndi að hafa bréfsefni út úr fólki, póstpappírsarkir. Ég lagði arkirnar hverja á aðra og stángaði þær með seglgarni í kjöllinn einsog bókbindarar gera; úr pappa sem til féll límdi ég spjöld utaná, ellegar úr þykkum maskínupappír. Þannig varð úr þessu bók.

- (a) Examine what kind of self-image Halldór Laxness portrays in this extract from *Í túninu heima*, and compare and contrast it with Þórbergur Þórðarson's self-portrayal in *Ofvitinn* and *Íslenskur aðall*.
- (b) Examine the style of *Í túninu heima* as exemplified in this extract and compare it to the style of Benedikt Gröndal in *Dægradvöl*, OR Guðbergur Bergsson in *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*.

II. (50%) Answer ONE of the following questions:

- (a) Examine the influence of 19th-century Romanticism and early 20th-century Neo-Romanticism in the autobiographical works of Benedikt Gröndal and Þórbergur Þórðarson.
- (b) Compare and contrast the 'essay-roman' form of the autobiographical works of Halldór Laxness and the 'skáldævisaga' (autofiction) form of the autobiographical works of Guðbergur Bergsson.
- (c) 'Writing on one's parents in autobiographical writing can highlight the relationship between autobiography and biography.' Discuss this statement in light of AT LEAST TWO works you have read for this course.
- (d) Examine the point of view in Þórbergur Þórðarson's *Sálmurinn um blómið* and compare it to childhood reminiscences in AT LEAST ONE other work you have read for this course.
- (e) Compare and contrast descriptions of Reykjavík in AT LEAST TWO works you have read and examine the city's role in the author's development as a writer.
- (f) Examine the role played by descriptions of the everyday and/or the uneventful in the works of Þórbergur Þórðarson and compare them to a work by AT LEAST ONE other author you have read for this course.